

Ed.

169. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Á árinu 1949 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum kafla.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 28/1947 var ákveðin til ársloka 1947 hækkun á vörumagnstolli og verðtölli. Ákvæði laganna voru framlengd fyrir árið 1948 með VI. kafla laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir. Í frumvarpi þessu eru framlengd til ársloka 1949 ákvæði fyrrgreindra laga, óbreytt að efni til, en nokkuð breytt að orðalagi.

Tekjuþörf ríkissjóðs er sízt minni nú en undanfarin 2 ár, og er því ekki talið fært annað en að leggja til, að tollahækkunin verði látin gilda fyrir árið 1949.